

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4056/86****frá 22. desember 1986****sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr og 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkeppnisreglurnar mynda hluta af almennum ákvæðum sáttmálans sem einnig gilda um flutninga á sjó. Nákvæmar reglur um beitingu þessara ákvæða eru gefnar í þeim kafla sáttmálans sem fjallar um samkeppnisreglur eða eru ákveðnar í samræmi við þá tilhögun sem þar er mælt fyrir um.

Samkvæmt reglugerð ráðsins nr. 141 <sup>(3)</sup> gildir reglugerð ráðsins nr. 17 <sup>(4)</sup> ekki um flutninga. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 <sup>(5)</sup> gildir aðeins um flutninga á landi. Af þessu leiðir að framkvæmdastjórnin hefur engin úrræði til að rannsaka með beinum hætti meint brot gegn 85. og 86. gr. við flutninga á sjó. Enn fremur vantar framkvæmdastjórnina umboð til að taka þær ákvarðanir og leggja á þau viðurlög sem nauðsynleg eru til að stöðva það brotlega athæfi sem hún kemst að.

Þetta ástand gerir það að verkum að nauðsynlegt er að setja reglugerð um beitingu samkeppnisreglna gagnvart flutningum á sjó. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 954/79 frá 15. maí 1979 um fullgildingu aðildarríkja á eða aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi <sup>(6)</sup> verður til þess að starfsreglurnar verða látnar gilda innan margra kerfa sem þjóna bandalaginu. Reglugerðin um beitingu samkeppnisreglna gagnvart flutningum á sjó, sem ráð var gert fyrir í lokaforsendum reglugerðar (EBE) nr. 954/79, ætti að taka tillit til þess að reglurnar hafa verið samþykktar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 172, 2. 7. 1984, bls. 178; Stjtið. EB nr. C 255, 13. 10. 1986, bls. 169.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 77, 21. 3. 1983, bls. 13; Stjtið. EB nr. C 344, 31. 12. 1985, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. 124, 28. 11. 1962, bls. 2751/62.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 175, 23. 7. 1968, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 121, 17. 5. 1979, bls. 1.

Að því er varðar samsiglingakerfi sem starfsreglurnar ná til ætti reglugerðin að gera þær fyllri og nákvæmari.

Æskilegt virðist að reglugerð þessi nái ekki til leiguskipa enda er samið um gjaldskrá fyrir þjónustu þeirra við hverja ferð á grundvelli framboðs og eftirspurnar.

Í reglugerð þessari ætti að taka tillit til þess að annars vegar er nauðsynlegt að framkvæmdastjórninni sé gert kleift að tryggja að samkeppni sé ekki raskað að ástæðulausu innan hins sameiginlega markaðar og hins vegar að komast hjá of mikilli stýringu greinarinnar.

Í reglugerð þessari ætti að skilgreina gildissvið ákvæðanna í 85. og 86. gr. í sáttmálanum með hliðsjón af hinu sérstaka eðli flutninga á sjó. Samkeppnishömlur og misnotkun sem snertir alþjóðlega flutninga á sjó, þar með talið flutninga milli aðildarríkja, frá og til þeirra geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja. Þessar samkeppnishömlur eða misnotkun geta haft áhrif á samkeppni, í fyrsta lagi milli hafna í mismunandi aðildarríkjum með því að breyta þjónustusvæðum þeirra og í öðru lagi milli þeirrar starfsemi sem rekin er á þjónustusvæðunum, og þannig raskað viðskiptaháttum innan hins sameiginlega markaðar.

Tilteknar gerðir tæknilegra samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða má undanþiggja banninu við samkeppnishömlum á þeirri forsendu að þær hefti ekki allajafna samkeppni.

Kveða ætti á um heildarundanþágu fyrir samsiglingakerfi. Samsiglingakerfi veita stöðugleika og tryggja farmsendendum áreiðanlega þjónustu. Almennt stuðla þau að því að veita nægilegar og skilvirkar áætlunarsiglingar með vörur og með þeim er hugað nægilega að hagsmunum neytenda. Slíkum árangri verður ekki náð án þeirrar samvinnu sem skipafélögin stuðla að innan samsiglingakerfanna að því er varðar gjaldskrár og, eftir því sem við á, framboð á flutningsgetu eða niðurbjófnun farms til flutninga, og tekjur. Í flestum tilvikum verða samsiglingakerfi að standast viðunandi samkeppni bæði frá áætlunarferðum utan samsiglingakerfa, frá leiguskipum og öðrum flutningamiðlum. Hreyfanleiki flutningaskipanna, sem er megineinkenni framboðs á sviði siglinga, gerir það að verkum að samsiglingakerfin geta allajafna ekki komið í veg fyrir samkeppni og á það við um verulegan hluta þeirrar siglingaþjónustu sem til umræðu er.

Rétt er að binda undanþágurnar vissum skilyrðum og skuldbindingum til þess að koma í veg fyrir að samsiglingakerfi stundi þá viðskiptahætti sem eru ósamrýmanlegir 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.

Markmiðið með skilyrðunum ætti að vera að koma í veg fyrir að samsiglingakerfi leggi þær hömlur á samkeppni sem ekki eru nauðsynlegar vegna þeirra markmiða sem undanþágan byggist á. Samsiglingakerfi ættu því ekki að setja upp gjaldskrá og flutningaskilmála á tilteknum leiðum þar sem verðmunur miðast einkum við upprunaland eða ákvörðunarstað varningsins sem fluttur er og verður þannig til þess að viðskipti innan bandalagsins beinast í annan farveg til tjóns fyrir hafnir, farmsendendur, farmflytjendur eða aðra þjónustuaðila sem tengjast flutningum. Þá ætti aðeins að leyfa samstarfssamninga séu þeir í samræmi við reglur sem ekki takmarka einhliða rétt flutningsþega og um leið samkeppni í siglingum, þó skal samsiglingakerfum heimilt að leggja viðurlög á þá flutningsþega sem með ósæmilegum hætti leitast við að sniðganga það samstarf sem þeim ber í skiptum fyrir endurgreiðslur, lækkaða flutningstaxta og umboðslaun sem samsiglingakerfið veitir þeim. Nauðsynlegt er að flutningsþegum sé frjálst að velja sér fyrirtæki er annast þá flutninga á landi og hafnarþjónustu sem ekki er innifalin í flutningstaxtanum eða skipafélaginu er greitt fyrir með öðrum umsómdum gjöldum.

Tilteknar skuldbindingar ættu enn fremur að fylgja undanþágunni. Að því er þetta varðar eiga flutningsþegar ætíð að geta kynnt sér gjaldskrá og flutningaskilmála sem aðilar að samsiglingakerfinu nota þar eð flutningar á landi sem farmsendendur annast sjálfir lúta áfram reglugerð (EBE) nr. 1017/68. Setja ber ákvæði um það að gerðardómsúrskurðir og tilmæli sáttasemjara sem aðilar samþykkja verði send framkvæmdastjórninni þegar í stað til þess að hún geti staðfest að samsiglingakerfin uppfylli enn skilyrði reglugerðar þessarar og brjóti þannig ekki í bága við ákvæði 85. og 86. gr.

Vænta má þess að samráð milli flutningsþega eða samtaka flutningsþega og samsiglingakerfa tryggji skilvirkari þjónustu í flutningum á sjó og sinni betur þörfum flutningsþega. Því ber að undanskilja tilteknar samkeppnishömlur sem af slíku samráði gæti leitt.

Ekki getur verið um undanþágu að ræða ef skilyrði 3. mgr. 85. gr. eru ekki uppfyllt. Framkvæmdastjórninni verður því að vera heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir hafa undir sérstökum kringumstæðum tiltekin áhrif sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 85. gr. Með hliðsjón af hlutverki því sem samsiglingakerfi gegna í áætlunarsiglingum ættu viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar að vaxa stig af stigi og taka mið af hverju tilviki. Framkvæmdastjórnin ætti því að hafa heimild til að gefa fyrst út tilmæli og taka síðan ákvarðanir.

Í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans er kveðið á um að samningar eða ákvarðanir, sem ekki hafa fengið undanþágu samkvæmt

3. mgr. 85. gr. vegna þess að þeir feli í sér mismunun eða hafi önnur áhrif, falli sjálfkrafa úr gildi og gildir það aðeins um þá þætti samninganna sem bannið í 1. mgr. 85. gr. nær til en um samninginn í heild þá og því aðeins að téðir þættir samnings virðist vera óaðskiljanlegir hlutar samningsins. Komist framkvæmdastjórnin að því að brotið hefur verið gegn heildarundanþágunni ber henni því annaðhvort að tilgreina hvaða þættir samninga eru sjálfkrafa dauðir og ómerkir vegna bannsins eða gera grein fyrir því hvers vegna þessir þættir eru óaðskiljanlegir frá samningnum og hvers vegna samningurinn er ógildur í heild sinni.

Með hliðsjón af einkennum alþjóðlegra flutninga á sjó ber að hafa í huga að beiting þessarar reglugerðar gagnvart vissum samkeppnishömlum getur strítt gegn lögum og reglum tiltekinnna landa utan bandalagsins og haft skaðleg áhrif á mikilvæga viðskipta- og flutningahagsmunum bandalagsins. Framkvæmdastjórnin ætti að takast á hendur samráð og, eftir atvikum, samninga sem ráðið heimilar við þessi lönd við framkvæmd stefnu bandalagsins varðandi flutninga á sjó.

Í þessari reglugerð ætti að kveða á um málsmeðferð, vald til ákvarðanatöku og viðurlög sem nauðsynleg eru til að tryggja að hlítt verði því banni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. og 86. gr. í sáttmálanum, svo og um skilyrði þau sem gilda um beitingu 3. mgr. 85. gr.

Í þessu sambandi skulu höfð til hliðsjónar ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 sem gilda um flutninga á landi og taka mið af tilteknum sameiginlegum einkennum í allri flutningastarfsemi.

Einkum vegna sérkenna flutninga á sjó er það fyrst og fremst á ábyrgð fyrirtækjanna að sjá til þess að samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir samrýmist samkeppnisreglunum og því þarf ekki að skylda þau til að tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Við tilteknar aðstæður geta fyrirtæki þó sótt um það að framkvæmdastjórnin staðfesti að samningar þeirra, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir séu í samræmi við gildandi lagaákvæði. Mæla ætti fyrir um einfaldaða málsmeðferð í slíkum tilfellum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

1. gr.

#### Viðfangsefni og gildissvið reglugerðarinnar

1. Í reglugerð þessari eru settar nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó.

2. Hún skal einungis gilda um alþjóðlega flutninga á sjó til eða frá einni eða fleiri höfnum innan bandalagsins, aðra en leiguflutninga.

3. Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „leiguflutningar“: flutningar á vörum í lausri vigt eða í pakkningum í skipi sem leigt er einum eða fleiri farmsendendum í heild eða að hluta til einnar ferðar eða til ákveðins tíma eða með öðrum hætti til siglinga utan fastrar áætlunar og án þess að auglýst sé, og samið er um flutningstaxta hverju sinni á grundvelli framboðs og eftirspurnar;
- b) „samsiglingakerfi“: tvær eða fleiri útgerðir sem veita vöruflutningaþjónustu milli landa á tiltekinni leið eða leiðum innan ákveðins svæðis og hafa með sér einhvers konar samning eða samkomulag sem þær starfa eftir og setja upp sams konar eða sameiginlegar gjaldskrár og umsamda skilmála sem flutningaþjónusta þeirra lýtur;
- c) „flutningsþegi“: fyrirtæki (t.d. farmsendendur, móttakendur, flutningamiðlara, o.s.frv.) að því tilskildu að það hafi samið eða sýni ásetning um að semja við samsiglingakerfi eða skipafélag um flutning á vörum, eða samtök farmsendenda.

2. gr.

#### Tæknilegir samningar

1. Það bann sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans skal ekki gilda um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem hafa eingöngu það að markmiði og verða til þess að koma á tæknilegum umbótum eða stofna til tæknilegrar samvinnu með:

- a) innleiðingu staðla eða gerðarforskrifta eða beitingu þeirra sameiginlega gagnvart skipum, öðrum flutningatækjum, búnaði, innkaupum og mannvirkjum;
- b) skiptum eða samnýtingu á skipum, skipsrými eða fráteknum plássum og öðrum flutningatækjum, starfsliði, búnaði og mannvirkjum við starfrækslu á flutningaþjónustu;
- c) skipulagningu og starfrækslu áætlunarferða á siglingaleið til skiptist eða til viðbótar hver við aðra og ákvörðun og notkun heildartaxta og -skilmála á þessum leiðum;
- d) samræmingu á tímaáætlunum fyrir flutningaleiðir sem tengjast;
- e) sameiningu einstakra farmsendinga;

f) setningu eða notkun samræmdra reglna um skipulag og skilmála sem flutningstaxtar byggjast á.

2. Framkvæmdastjórnin leggur fyrir ráðið tillögur um breytingar á atriðunum sem talin eru upp í 1. mgr. ef þörf krefur.

3. gr.

#### Undanþágur fyrir samninga milli farmflytjenda um að starfrækja áætlunarsiglingar með vörur

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sumra eða allra aðila að einu eða fleiri samsiglingakerfum eru hér með undanþegin banninu í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans, samanber þó skilyrðin sem sett eru í 4. gr. þessarar reglugerðar, þegar markmið þeirra er að ákveða gjaldskrár eða flutningaskilmála og, eftir atvikum, eitthvert eftirfarandi:

- a) samræming á tímaáætlunum, brottförum og viðkomum;
- b) ákvörðun á tíðni ferða eða viðkoma;
- c) samræming eða niðurrjöfnun ferða eða viðkoma milli aðila að samsiglingakerfinu;
- d) stjórnun á þeirri flutningsgetu sem hver aðili býður fram;
- e) niðurrjöfnun vöruferða eða tekna milli aðila.

4. gr.

#### Skilyrði fyrir undanþágu

Undanþágan sem kveðið er á um í 3. og 6. gr. skal veitt með því skilyrði að samningarnir, ákvarðanir og hinar samstilltu aðgerðir skaði ekki tilteknar hafnir, flutningsþega eða farmflytjendur innan hins sameiginlega markaðar með því að setja upp gjaldskrár og skilmála fyrir flutninga á sams konar vörum og á því svæði sem umræddir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir ná til sem eru mismunandi eftir upprunalandi, ákvörðunarlandi, útskipunarhöfn eða uppskipunarhöfn, nema þessar gjaldskrár og skilmálar eigi fjárhagslega rétt á sér.

Hver samningur og ákvörðun eða hluti slíks samnings eða ákvörðunar, sem aðskiljanlegur er, og samrýmist ekki málsgreininni hér að ofan er sjálfkrafa dauður og ómerkur í samræmi við 2. mgr. 85. gr. sáttmálans.

5. gr.

#### Skuldbindingar sem fylgja undanþágu

Eftirfarandi skuldbindingar skulu fylgja þeirri undanþágu sem kveðið er á um í 3. gr. :

1. *Samráð*

Samráð skal haft í því skyni að leita lausna á almennum grundvallaratriðum milli flutningsþega annars vegar og samsiglingakerfa hins vegar um gjaldskrár, skilmála og gæði áætlunarsiglinga með vörur. Samráð þetta skal eiga sér stað hvenær sem einhver ofantalinn aðila fer fram á það.

2. *Samstarfssamningar*

Þeim skipafélögum sem aðild eiga að samsiglingakerfum skal heimilt að koma á og viðhalda samstarfssamningum við flutningsþega með því sniði og þeim skilmálum sem samsiglingakerfið og samtök flutningsþega semja um. Samstarfssamningar þessir skulu fela í sér verndarákvæði sem greina nákvæmlega frá réttindum flutningsþega og aðila að samsiglingakerfinu. Um þetta skal gerður samningur eða annað lögmætt samkomulag.

Samstarfssamningar verða að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Samsiglingakerfin skulu bjóða flutningsþegum endurgreiðslur þegar í stað eða val milli þess og að fá endurgreiðslur síðar:
  - þegar endurgreiðslur eru inntar af hendi þegar í stað ber hvorum aðilanum um sig réttur til að slíta samstarfssamningi hvenær sem er án viðurlaga og með uppsagnarfresti sem sé eigi lengri en sex mánuðir; þennan frest má stytta í þrjá mánuði þegar ekki ríkir samkomulag um þá gjaldskrá sem í gildi er innan samsiglingakerfisins;
  - þegar endurgreiðslur eru inntar af hendi síðar skal hvorki sá samstarfstími sem er grundvöllur endurgreiðslu né áframhaldandi samstarfstími áður en greiðsla er innt af hendi vera lengri en sex mánuðir; þennan frest má stytta í þrjá mánuði þegar ekki ríkir samkomulag um þá gjaldskrá sem í gildi er innan samsiglingakerfisins.
- b) Samsiglingakerfið skal að höfðu samráði við flutningsþega leggja fram:
  - i) skrá yfir þann farm eða hluta farms sem samkomulag er um við flutningsþega að falli utan ramma samstarfssamningsins; altækan samstarfssamning er hægt að bjóða en honum verður ekki komið á einhliða;
  - ii) skrá yfir þær aðstæður þar sem flutningsþegar eru ekki lengur bundnir af skilmálum samstarfssamnings, þar með talið:
    - þegar farmar eru sendir frá eða til hafnar sem samsiglingakerfi nær til en er ekki á auglýstri siglingaáætlun og réttlæt看legt má teljast að vikið sé frá samningnum, og
    - þegar biðtími í höfn er lengri en sá tími sem ákveðinn verður fyrir hverja höfn, vöru og vöruflokk að höfðu samráði við flutningsþega sem láta þjónustu í höfnum beinlínis til sín taka.

Þó verður flutningsþegi, fyrirfram og innan tiltekins frests, að tilkynna samsiglingakerfinu um þann ásetning sinn að senda farm frá höfn sem ekki er á auglýstri siglingaáætlun samsiglingakerfisins eða að notfæra sér ferð með skipi utan kerfisins frá höfn sem kerfið annast eins skjótt og honum er orðið ljóst, með hliðsjón af útgefinni siglingaáætlun, að hann yrði að öðrum kosti að bíða lengur en sem nemur hámarksbiðtíma.

3. *Þjónusta sem flutningsgjöld ná ekki til*

Flutningsþegum skal heimilt að velja sér fyrirtæki til þess að annast flutninga á landi fyrir sig og þjónustu við skipshlið sem ekki er innifalinn í flutningsgjaldinu eða gjöldum sem flutningsþegi og skipafélag hafa samið um.

4. *Kynning á gjaldskrá*

Gjaldskrár, skilmálar, reglugerðir og breytingar á þeim skulu standa flutningsþegum til boða á sanngjörnu verði eða liggja frammi á skrifstofum skipafélaga eða hjá umboðsmönnum þeirra. Þar skal greint frá öllum skilmálum um útskipun og uppskipun, frá því hvaða þjónusta er innifalinn í flutningsgjaldinu miðað við heildarflutningskostnaðinn á sjó og landi eða í hverju því gjaldi sem skipafélagið leggur á og hvaða venjur tíðkast í þessum efnum.

5. *Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar um gerðardómsúrskurði og tilmæli*

Úrskurðir gerðardóma og tilmæli sem sáttasemjarar leggja fram og aðilar samþykkja skulu þegar í stað tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar þegar slíkt hefur orðið til lausnar deilu um starfshætti samsiglingakerfa svo sem um er fjallað í 4. gr. og 2. og 3. atriði hér að framan.

6. gr.

**Undanþágur fyrir samninga milli flutningsþega og samsiglingakerfa um notkun áætlunarsiglinga með vörur**

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir milli flutningsþega annars vegar og samsiglingakerfa hins vegar og samningar milli flutningsþega, sem þörf kann að vera fyrir í því skyni, um taxa, skilmála og gæði flutningaþjónustu eru hér með undanþegin banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans enda sé ráð fyrir þeim gert í 1. og 2. mgr. 5. gr.

7. gr.

**Eftirlit með undanþegnum samningum**

1. *Brot á skuldbindingu*

Þegar hlutaðeigandi aðilar brjóta gegn skuldbindingu sem samkvæmt 5. gr. tengist undanþágum sem kveðið

er á um í 3. gr. getur framkvæmdastjórnin með tilvísun til skilmálanna sem mælt er fyrir um í II. þætti og í því skyni að binda enda á brot þetta:

- beint tilmælum til hlutaðeigandi einstaklinga;
- samþykkt ákvörðun þar sem þeim eru annaðhvort bannaðar tiltekna athafnir eða þeir skyldaðir til þeirra, veitt þeim einstaka undanþágu í samræmi við 4. mgr. 11. gr. á meðan heildarundanþágu er afturkölluð eða afturkallað heildarundanþágu sem þeir höfðu, komi til þess að þessir aðilar hlíti ekki tilmælunum og með hliðsjón af því hve alvarlegt brotið er.

## 2. Afleiðingar sem ekki samrýmast 3. mgr. 85. gr.

- a) Þegar sérstakar aðstæður svo sem lýst er hér að neðan verða til þess að samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem fallið gætu undir undanþágu þá sem kveðið er á um í 3. og 6. gr., hafa engu að síður afleiðingar sem ósamrýmanlegar eru 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, skal framkvæmdastjórnin gera þær ráðstafanir sem lýst er í c-lið hér að neðan þegar henni berst kæra eða að eigin frumkvæði í samræmi við skilmálana sem mælt er fyrir um í II. þætti. Við ákvörðun um eðli ráðstafananna skal taka mið af því hversu alvarlegt málið er.
- b) Sérstakar aðstæður orsakast meðal annars af:
  - i) aðgerðum samsiglingakerfa eða breytingum á markaðsaðstæðum á tilteknum leiðum sem verða til þess að eiginleg eða hugsanleg samkeppni er ekki fyrir hendi, t.d. samkeppnishömlur sem útiloka samkeppni á tilteknum leiðum;
  - ii) aðgerðum samsiglingakerfa sem koma í veg fyrir tæknilegar og efnahagslegar framfarir eða að flutningsþegar njóti góðs af;
  - iii) aðgerðum landa utan bandalagsins sem:
    - koma í veg fyrir siglingar utanaðkomandi aðila á tilteknum leiðum,
    - krefjast að aðilar að samsiglingakerfinu noti ósanngjarna taxa;
    - koma á fyrirkomulagi sem á annan hátt hindrar tæknilegar og efnahagslegar framfarir (farmskipti, takmarkanir á skipagerðum).
- c) i) Ef eiginleg eða hugsanleg samkeppni er ekki fyrir hendi eða hægt er að koma í veg fyrir hana í framhaldi af aðgerðum lands utan bandalagsins, skal framkvæmdastjórnin hafa samband við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi landi utan bandalagsins og hefja samningaviðræður síðar samkvæmt tilskipun ráðsins ef nauðsynlegt er til þess að laga stöðuna.

Nú leiða hinar sérstöku aðstæður til þess að eiginleg eða hugsanleg samkeppni er ekki fyrir hendi eða leggst af í blóra við b-lið 3. mgr. 85. gr. sáttmálans og skal þá framkvæmdastjórnin afturkalla heildarundanþáguna. Jafnframt skal hún úrskurða hvort og þá með hvaða skilyrðum og skuldbindingum veita skuli einstaka undanþágu hlutaðeigandi samsiglingasamningi með hliðsjón meðal annars af því að hleypa skipafélögum sem standa utan samsiglingakerfisins að markaðinum;

- ii) Ef hinar sérstöku aðstæður sem nefndar eru í b-lið hafa aðrar afleiðingar en um getur í i-lið hér að framan skal framkvæmdastjórnin gera eina eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem lýst er í 1. mgr.

8. gr.

## Afleiðingar sem ekki samrýmast 86. gr. sáttmálans

1. Misnotkun á yfirburðastöðu í skilningi 86. gr. sáttmálans skal bönnuð án þess að þörf sé fyrir ákvörðun þar að lútandi.
2. Komist framkvæmdastjórnin að því, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, einstaklings eða löggjafarstofnunar að gæta, að tilteknir starfshættir samsiglingakerfis sem nýtur góðs af undanþágu þeirri sem mælt er fyrir um í 3. gr. hafa engu að síður afleiðingar sem ekki samrýmast 86. gr. sáttmálans getur hún afturkallað heildarundanþáguna og á grundvelli 10. gr. gert allar þær ráðstafanir sem viðeigandi eru til þess að binda enda á brot gegn 86. gr. sáttmálans.
3. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun samkvæmt 2. mgr. getur hún beint þeim tilmælum til hlutaðeigandi samsiglingakerfis að látið sé af hinu brotlega athæfi.

9. gr.

## Árekstrar við landslög

1. Valdi beiting reglugerðar þessarar gagnvart tilteknum samkeppnishömlum og ákvæðum árekstrum við ákvæði laga og stjórnisýslufyrirmæla í tilteknum löndum utan bandalagsins sem gæti stofnað í hættu mikilvægum hagsmunum bandalagsins í viðskiptum og siglingum, skal framkvæmdastjórnin við fyrsta tækifæri hafa samband við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi löndum utan bandalagsins í því augnamiði að leysa ef unnt er ágreining þann sem risið hefur milli fyrrgreindra aðila og laga bandalagsins. Framkvæmdastjórnin tilkynnir ráðgjafarnefndinni sem um getur í 15. gr. um niðurstöður viðræðanna.
2. Þegar gera þarf samninga við lönd utan bandalagsins leggur framkvæmdastjórnin tillögu þar að lútandi fyrir ráðið sem heimilar framkvæmdastjórninni að hefja þær samningsviðræður sem nauðsynlegar eru.

Framkvæmdastjórnin leiðir þessa samninga í samráði við ráðgjafarnefndina sem um getur í 15. gr. og á grundvelli þeirra tilskipana sem ráðið kann að gefa út.

3. Þegar ráðið beitir því umboði sem því er falið samkvæmt þessari grein skal það starfa í samræmi við reglur þær um ákvarðanatöku sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 84. gr. sáttmálans.

## II. ÞÁTTUR

### REGLUR UM MÁLSMEDFERÐ

#### 10. gr.

#### Meðferð mála vegna kærðu eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar

Að fenginni kærðu eða að eigin frumkvæði skal framkvæmdastjórnin hefja aðgerðir til að binda enda á brot gegn ákvæðum 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. sáttmálans og til að framfylgja 7. gr. í þessari reglugerð.

Þessir aðilar geta lagt fram kærðu:

- a) aðildarríki;
- b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

#### 11. gr.

#### Niðurstöður mála sem hlotið hafa meðferð vegna kærðu eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. sáttmálans, getur hún með ákvörðun skyldað hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að binda enda á hið brotlega athæfi.

Með fyrirvara um önnur ákvæði reglugerðar þessarar getur framkvæmdastjórnin, áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt undanfarandi málsgrein, beint tilmælum til hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja um að þau bindi enda á hið brotlega athæfi.

2. Ákvæði 1. mgr. skuli einnig gilda um tilvik sem falla undir 7. gr. í reglugerð þessari.

3. Ef framkvæmdastjórninni berst kærðu og hún kemst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirliggjandi gagna mæli ekkert með íhlutun samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. sáttmálans eða 7. gr. þessarar reglugerðar hvað samninga, ákvarðanir eða aðgerðir varðar, skal hún gefa út ákvörðun þar sem kærundi er vísað frá enda sé hún ekki á rökum reist.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort eftir að henni hefur borist kærðu eða að eigin frumkvæði, að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð sé í samræmi við ákvæði bæði 1. mgr. 85. gr. og 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 85. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Ákvörðun má taka gildi fyrir þann dag sem hún er samþykkt.

#### 12. gr.

#### Beiting 3. mgr. 85. gr. — andmæli

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja sem æskja þess að beita 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem þau eiga aðild að og falla undir ákvæði 1. mgr. 85. gr. sáttmálans skulu sækja um það til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir umsókn og hefur undir höndum öll fyrirliggjandi gögn og engin aðgerð samkvæmt 10. gr. hefur komið til gegn viðkomandi samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð, skal hún svo fljótt sem verða má birta útdrátt úr umsókninni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* og bjóða þriðju aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, svo og aðildarríkjunum að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sínar innan 30 daga. Við birtingu þessara upplýsinga skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Tilkynni framkvæmdastjórnin ekki umsækjendum innan 90 daga frá birtingardegi í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* að vafi leiki á beitingu 3. mgr. 85. gr. skal samningurinn, ákvörðunin eða hin samstillta aðgerð teljast undanþegin banninu þann tíma sem liðinn er og allt að sex árum frá birtingardegi í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*, að því tilskildu að hún sé í samræmi við þá lýsingu sem gefin hefur verið í umsókn.

Komist framkvæmdastjórnin að því eftir að 90 daga fresturinn er útrunninn en áður en sex árin eru liðin að skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 85. gr. hafi ekki verið fullnægt skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að bannið í 1. mgr. 85. gr. sé í gildi. Ákvörðunin getur verið afturvirk hafi hlutaðeigandi aðilar veitt ónákvæmar upplýsingar eða misnotað undanþáguna frá ákvæðum 1. mgr. 85. gr.

4. Framkvæmdastjórnin getur tilkynnt umsækjendum með þeim hætti sem frá er greint í fyrstu undirgrein 3. mgr. og skal gera það ef aðildarríki fer fram á það innan 45 daga frá því að umsókn samkvæmt 2. mgr. 15. gr. var komið áleiðis til þess. Réttlæta ber slíka beiðni á grundvelli samkeppnisreglna sáttmálans.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að skilyrðum 1. mgr. 85. gr. og 3. mgr. 85. gr. hafi verið fullnægt

skal hún gefa út ákvörðun þar sem beitt er 3. mgr. 85. gr. Í ákvörðuninni skal koma fram frá hvaða degi hún gildir. Ákvörðun má taka gildi fyrir þann dag sem hún er samþykkt.

### 13. gr.

#### Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 85. gr.

1. Í ákvörðun um að beita 3. mgr. 85. gr., sem tekin er samkvæmt 4. mgr. 11. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., skal koma fram hver gildistími hennar sé; allajafna skal sá tími eigi vera skemmri en sex ár. Heimilt er að láta skilyrði og skuldbindingar fylgja ákvörðuninni.
2. Ákvörðunina má endurnýja ef skilyrðunum fyrir beitingu 3. mgr. 85. gr. er áfram fullnægt.
3. Framkvæmdastjórnin getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tiltekna athafnir aðila:
  - a) ef einhverjar forsendur fyrir ákvörðuninni hafa breyst;
  - b) ef aðilar standa ekki við einhverja þeirra skuldbindinga sem fylgja ákvörðuninni;
  - c) ef ákvörðunin grundvallast á röngum upplýsingum eða hafi verið gefin út með blekkingum; eða
  - d) ef aðilar misnota undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 85. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í þeim tilvikum sem falla undir b-, c- eða d-lið má afturkalla ákvörðunina afturvirk.

### 14. gr.

#### Valdsvið

Með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins á ákvörðunum hennar hefur framkvæmdastjórnin óskorað vald til að:

- leggja á skuldbindingar samkvæmt 7. gr.;
- gefa út ákvarðanir samkvæmt 3. mgr. 85. gr.

Yfirvöld í aðildarríkjunum hafa áfram vald til að ákveða hvort eitthvert tilvik fellur undir ákvæði 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. uns framkvæmdastjórnin hefur hafið aðgerðir í því augnamiði að móta ákvörðun í viðkomandi máli eða hefur látið frá sér fara tilkynningu svo sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 12. gr.

### 15. gr.

#### Samvinna við yfirvöld í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin skal beita málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í reglugerð þessari í náinni og stöðugri

samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum; þessum yfirvöldum er heimilt að gera athugasemdir við þá málsmeðferð.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum afrit af öllum kærnum og umsóknum ásamt afritum af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur sent eða fengið meðan fjallað er um málið.

3. Samráð skal haft við ráðgjafarnefnd um samninga og yfirburðastöðu í flutningum á sjó áður en ákvörðun er tekin samkvæmt málsmeðferð þeirri sem um getur í 10. gr. eða ákvörðun er gefin út samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr. eða samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. í sömu grein. Enn fremur skal haft samráð við ráðgjafarnefndina áður en samþykkt eru framkvæmdarákvæði þau sem kveðið er á um í 26. gr.

4. Ráðgjafarnefndina skipa embættismenn sem til þess eru bærir að fjalla um flutninga á sjó, samninga og yfirburðastöðu. Hvert aðildarríki skal tilnefna tvo embættismenn sem fulltrúa sína og er heimilt að senda annan embættismann í þeirra stað komi til forfalla.

5. Samráðið fer fram á sameiginlegum fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til; fundinn skal ekki halda fyrr en fjórtán dögum eftir að fundarboð var sent út. Í fundarboðinu skal koma fram, í öllum málum sem til umfjöllunar eru, samantekt um málið ásamt yfirliti yfir helstu skjöl og fyrstu drög að ákvörðun.

6. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila álitum enda þótt einhverjir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu fjarverandi. Skýrsla um niðurstöður samráðsfundarins skal fylgja drögum að ákvörðun um málið. Hún skal ekki gerð opinber.

### 16. gr.

#### Beiðni um upplýsingar

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leita nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnnum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að geta innt af hendi skyldur þær sem á hana eru lagðar með reglugerð þessari.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún jafnframt senda afrit af beiðninni til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur.

3. Í beiðninni ber framkvæmdastjórninni að skýra frá lagagrundvelli og tilgangi þeim sem að baki beiðninni liggur og auk þess viðurlögum þeim sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 19. gr. við því að gefa rangar upplýsingar.

4. Eigendum fyrirtækja eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögpersónu er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða,

þegar um ræðir samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögpersónu, einstaklingum sem heimild hafa til að koma fram fyrir þeirra hönd, samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

5. Veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin tiltekur eða veiti ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin krefjast þess með ákvörðun að upplýsingar skuli veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina upplýsingar þær sem þörf er á, setja viðeigandi skilafrest og skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 19. gr. og c-lið 1. mgr. 20. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.

6. Framkvæmdastjórnin sendir jafnframt afrit af ákvörðuninni til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur sitt.

17. gr.

#### Rannsóknir yfirvalda í aðildarríkjunum

1. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum gangast fyrir þeim rannsóknnum sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt 1. mgr. 18. gr. eða sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr. Þeir embættismenn lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum sem hefur verið falið að sjá um rannsóknir þessar skulu hefjast handa þegar þeir hafa fengið til þess skriflegt umboð frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram. Í slíku umboði skal koma fram hvert viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar er.

2. Embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að aðstoða embættismenn viðkomandi aðildarríkis við rannsóknarstarfið fari framkvæmdastjórnin eða lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, þar sem rannsóknin á að fara fram, fram á það.

18. gr.

#### Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar við rannsóknir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja til að inna af hendi skyldur þær sem á henni hvíla samkvæmt reglugerð þessari.

Í þessu skyni er embættismönnum sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð heimilt að:

- skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl;
- taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og viðskiptaskjöllum;
- fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;
- fá aðgang að öllu húsnæði, landi og ökutækjum fyrirtækja.

2. Embættismenn framkvæmdastjórnarinnar sem heimild hafa til þessara rannsókna skulu framvísa skriflegu umboði þar sem viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar kemur fram og viðurlög þau sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 19. gr. sé framvísun bókhalds eða annarra viðskiptaskjala sem krafist er ófullnægjandi. Framkvæmdastjórninni ber, með góðum fyrirvara, að tilkynna lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki þar sem rannsóknin á að fara fram um fyrirhugaða rannsókn og nöfn þeirra embættismanna sem starfa í umboði hennar.

3. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er skylt að gangast undir rannsókn sem framkvæmdastjórnin fyrirskipar með ákvörðun. Í ákvörðuninni skulu viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar koma fram og hvaða dag hún skuli hefjast; skýra skal frá viðurlögum þeim sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 19. gr. og d-lið 1. mgr. 20. gr. og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.

4. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem rannsóknin skal fara fram.

5. Embættismönnum hins lögbæra yfirvalds í aðildarríkinu þar sem rannsóknin á að fara fram er heimilt að aðstoða embættismenn framkvæmdastjórnarinnar við rannsóknina að beiðni þessa yfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar.

6. Ef fyrirtæki neitar að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt grein þessari ber hlutaðeigandi aðildarríki að veita embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar alla nauðsynlega aðstoð til að þeim verði gert kleift að inna skyldur sínar af hendi. Aðildarríkjunum ber, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi fyrir 1. janúar 1989.

19. gr.

#### Sektir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 100 til 5 000 evrópskar mynteiningar (ECU) þegar þau vísvitandi eða af gáleysi:

- veita rangar eða villandi upplýsingar annaðhvort í tilkynningu samkvæmt 5. mgr. 5. gr. eða í umsókn samkvæmt 12. gr.; eða
- veita rangar upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt 3. eða 5. mgr. 16. gr. eða veita ekki upplýsingar innan frests sem ákveðinn er með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 16. gr.; eða
- framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjöllum þegar rannsókn fer fram samkvæmt 17. eða 18. gr. eða neita að gangast undir rannsókn sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða hærri fjárhæð en þó ekki umfram 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá hverju fyrirtækjanna sem gerst hafa brotleg, þegar þau vísitandi eða af gáleysi:

- a) brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. sáttmálans eða hlíta ekki skuldbindingum sem á þau eru lagðar með 7. gr. í þessari reglugerð;
- b) standa ekki við allar skuldbindingar sem á þau eru lagðar samkvæmt 5. gr. og 1. mgr. 13. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.

3. Ákvæði 3. og 4. mgr. 15. gr. gilda.

4. Ákvarðanir teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu ekki vera refsiréttarlegs eðlis.

Sektunum sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. skal ekki beitt gagnvart athöfnum sem eiga sér stað eftir að tilkynning hefur verið send framkvæmdastjórninni og fyrir ákvörðun hennar um að beita 3. mgr. 85. gr. sáttmálans enda séu þær í samræmi við það sem tilkynnt hefur verið um.

Þó skal þetta ákvæði ekki gilda hafi framkvæmdastjórnin, tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum að eftir bráðabirgðarannsókn sé það álit hennar að 1. mgr. 85. gr. eigi við og ekki sé rétt að beita 3. mgr. 85. gr.

20. gr.

#### Févíti

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja er nema frá 50 til 1 000 evrópskum mynteiningum (ECU) á dag og reiknast frá þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðuninni til að þvinga þau til að:

- a) hætta því athæfi sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 85. eða 86. gr. sáttmálans, og hún hafði fyrirskipað að hætt yrði samkvæmt 11. gr., eða standa við skuldbindingu samkvæmt 7. gr.;
- b) forðast hvert það athæfi sem bannað er samkvæmt 3. mgr. 13. gr.;
- c) veita tæmandi og réttar upplýsingar þegar hún hefur farið fram á það með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 16. gr.;
- d) gangast undir rannsókn sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 18. gr.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að þvinga þau til að standa við er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

3. Ákvæði 3. og 4. mgr. 15. gr. gilda.

21. gr.

#### Áfrýjun til dómstólsins

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 172. gr. sáttmálans til að fjalla um lögmæti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

22. gr.

#### Reiknieining

Við beitingu 19. til 21. gr. skal nota evrópsku mynteiningu (ECU) þá sem notuð er við fjárlagagerð bandalagsins í samræmi við 207. og 209. gr. sáttmálans.

23. gr.

#### Skýrslugjöf málsaðila og þriðja aðila

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir eins og kveðið er á um í 11., 12. (annarri undirgrein 3. mgr. og 4. mgr.), 13. (3. mgr.), 19. og 20 gr. skal hún veita hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í þeim málum sem hún hefur andmælt.

2. Telji framkvæmdastjórnin eða lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ástæðu til, er þeim einnig heimilt að veita öðrum einstaklingum eða lögpersónum færi á að gefa skýrslu. Verða skal við beiðni þessara aðila um tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

3. Hyggist framkvæmdastjórnin veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. í sáttmálanum skal hún birta samantekt um hlutaðeigandi samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila athugasemdum innan frests sem hún ákveður og ekki skal vera skemmri en einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

24. gr.

#### Þagnarskylda

1. Vitneskju, sem aflað er þegar ákvæðum 17. og 18. gr. er beitt, má einungis nota að því er varðar viðkomandi beiðni eða rannsókn.

2. Með fyrirvara um ákvæði 23. og 25. gr., er framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta uppi vitneskju sem þeir öðlast vegna þess að reglugerð þessari er beitt og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða yfirlita sem ekki fela í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

25. gr.

#### **Birting ákvarðana**

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur samkvæmt 11. gr., annarri undirgrein 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; taka skal tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

26. gr.

#### **Framkvæmdarákvæði**

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdarákvæði um hversu víðtæk tilkynningaskyldan er samkvæmt 5. mgr. 5. gr., framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur samkvæmt 10. gr., umsóknir samkvæmt 12. gr. og skýrslugjöf samkvæmt 1. og 2. mgr. 23. gr.

27. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1986.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. SHAW

*forseti.*